



NÁMSFERÐ TIL DANMERKUR

23.-29. mars 2025

Styrkt af Erasmus+, hluti af styrkjaáætlun ESB.

INNGANGUR

Austurbrú er með aðilda að Erasmus+ og getur nýtt stuðning sjóðsins til að kosta ferðir erlendis og uppihald vegna fræðsluferða starfsfólks. Þessar ferðir hafa það að markmiði að bæta verklag og spegla vinnubrögð, svokallað Job shadowing.

Yfirverkefnastjóri fræðslumála sem er einnig tengill við Erasmus+ hóf skipulagningu ferðarinnar á haustmánuðum 2024. Leitað var til samstarfsaðila erlendis sem höfðu m.a. komið í heimsókn til samstarfsaðila innan Símenntar sem og Austurbrúar í tengslum við tungumálakennslu, námskeiðahald og háskólaþjónustu. Einn helsti tengill við skipulag ferðarinnar í Danmörk var Iben Marie With hjá HUSC- Holbæk Uddannelses- og Studiecenter.

FERÐALANGAR

Ásdís Helga Bjarnadóttir
yfirverkefnastjóri fræðslumála, Austurbrú

Hrönn Grímsdóttir
náms- og starfsráðgjafi, Austurbrú

Úrsúla Manda Ármannsdóttir
verkefnastjóri, Austurbrú

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
verkefnastjóri, Austurbrú

23. MARS - SUNNUDAGUR

Fjórir starfsmenn fræðsluteymis AB frá Egilsstöðum og Neskaupstað fóru í ferðina og hittust á Reykjavíkurlugvelli sunnudaginn 23. mars. Þaðan var haldið á Hótel Aurora við Keflavíkurlugvöll þar sem gist var og flug tekið snemma morguns þann 24. mars með Icelandair til Kaupmannahafnar.

Til hægri: Frítími við Nyhavn.



24. MARS - MÁNUDAGUR

Á Kastrup var tekin lest beint til Roskilde og þaðan til Holbæk. Það tók um 80 mín. Um 300 m gangur var á Hótel Sidesporet frá lestarmiðstöðinni. Sidesporet er óhagnaðardrifið félag sem rekur hótél í gömlu fjögurra hæða húsi nálægt ströndinni. Hópurinn innritaði sig um kl 14:30 og tók síðan göngutúr um nánasta umhverfi hótelsins. Naut svo kvöldsólarinnar fyrir svefninn.

>> Nánar um [Sidesporet](#).



Ferðalangar í Holbæk.

25. MARS - ÞRIÐJUDAGUR

Lotte Vandel frá HUSC hitti hópin klukkan 8:30 og fór með honum í **HUSC Holdbæk uddannelses- og studiecenter**. Þar biðu okkar samstarfsaðilar hennar þau Sune Juul Röttig og Randi Hein Jensen.

Hópurinn fékk þar kynningu á starfsemi HUSC. HUSC er ein sinnar tegundar í Danmörku því þarna er sveitarfélagið að koma að menntun á háskólastigi með því að útvega húsnæði og starfsfólk sem heldur utan um starfsemina. Sveitarfélagið skaffar 4 stöðugildi við stjórnun en kennarar koma frá háskólunum (höjskole). Ríkið leigir svo skólastofurnar af sveitafélaginu. Nemendur eru um 350. Markmiðin eru þrjú: Hækka menntunarstigið á svæðinu, fá fleiri af staðnum til að mennta sig, koma til móts við fleira fólk með menntun á staðnum. Það sem er kennt: Bachelor of science in Nursing, AP Graduate in financial management, Bachelor in social education – internship. Þetta er það sem talið var mest þörf fyrir á svæðinu.



HUSC verkleg kennsluaðstaða hjúkrunarfræðinga.

Farið var í hádegismat í mötuneyti skólans þar sem talað var um allt milli himins og jarðar, meðan borðaður var hollur og stórgóður matur.



Að ofan: Opið eldhús fyrir ungmenn og áhugaleikarar.
Til hægri: Ungdomshuset Lucerna, mennta-, menningar- og frumkvöðlasetur.

Klukkan 13:30 var farið yfir í **Ungdomshuset Lucerna**, sem er mennta-, menningar- og frumkvöðlasetur í Holbæk. Það þjónar ungu fólki á aldrinum 16 til 30 ára.

>> Nánar á ungehusetlucerna.dk

Hugmyndin að Huset Lucerna kom frá bankastjóranum Lars Petersson hjá Sparekassen Sjælland-Fyn. Hann lagði til þessa hugmynd að samfélagsverkefni að fjárfesta í húsnaði og launum verkefnastjóra með það að markmiði að skapa stað og veita stuðning fyrir ungt fólk í Holbæk til að þróa hæfileika sína og efla samfélagsleg tengsl.

Húsið býður upp á fjölbreytta aðstöðu sem hentar bæði til náms og félagslegra viðburða:

- >> Villa Lucerna: Nýjasti hluti setursins, er staður fyrir tónlistarflutning, samræður og viðburði, með notalegum svæðum til að njóta góðs kaffis.
- >> Café Lucerna: Kaffihús sem býður upp á mat og drykki á hagstæðu verði fyrir námsmenn.



Huset Lucerna stendur reglulega fyrir viðburðum, þar á meðal opnum sviðskvöldum og námskeiðum, sem miða að því að efla menningu og frumkvöðlastarf meðal ungs fólks í Holbæk.

Næst var farið til **UngHolbæk** sem er ungmenna- og náttúruskóli í Holbæk sem býður upp á fjölbreytt frístundatilboð fyrir ungmenni á aldrinum 13 til 18 ára. Markmið þeirra er að veita ungmennum tækifæri til að taka þátt í uppbyggilegum og skemmtilegum athöfnum í frítíma sínum, stuðla að félagslegri þátttöku og persónulegri þróun. Skólinn hefur umsjón með fallegu útivistarsvæði „Græna lunganu“ þar sem m.a. eru fjölmargir göngustígar, grillaðstöður, þrautabrautir í trjákrónum og nokkrar hjartadýrategundir.

Frístundaskólinn býður upp á námskeið í skapandi greinum, útivist og hreyfingu, sem og stuðning í námsgreinum eins og

dönsku, ensku, stærðfræði, eðlis- og efnafræði. Þar er einnig unnið að fræðslu um loftslagsmál, umhverfi, náttúru og sjálfbærni, með áherslu á útivistarstarfsemi og grænu jafnvægi.

Skólinn er einnig í góðu samstarfi við aðra skóla, félagsþjónustu og lögreglu til að fyrirbyggja afbrot meðal barna og ungmenna, með ráðgjöf, fræðslu og stuðningi. UngHolbæk veitir þannig ungmennum tækifæri til að hafa áhrif á eigin frístundastarf og þróa áhugamál sín í öruggu og styðjandi umhverfi.

Að lokum fórum við á hótelið þar sem við gistum þar sem tekið var á móti okkur og okkur kynnt **félagið Sidesporet** en það var stofnað árið 1989 í Holbæk, með það markmið að skapa þýðingarmikil verkefni fyrir atvinnulausa og stuðla að menningarlífi á staðnum.

Helstu verkefni og aðstaða sem Sidesporet rekur:

- >> **Hotel Sidesporet** þar sem hópurinn gisti á meðan dvölinni stóð í Holbæk, einstaklega skemmtilegt hótél með 26 herbergjum, staðsett rétt við fjörðinn.
- >> **Restaurant Sidesporet:** Veitingastaður sem býður upp á danska-franska rétti með útsýni yfir Holbæk-fjörðinn.
- >> **Tyrkisk Bad & Wellness:** Tyrkneskt bað og vellíðunaraðstaða sem býður upp á nudd, meðferðir og slökun.
- >> **Kulturbíografen Frysehuset:** Kvikmyndahús með fjórum söllum og samtals 457 sætum, sem býður upp á fjölbreytt úrval kvikmynda og menningarviðburða.
- >> **Rotationen:** Viðburðarrými sem hýsir tónleika, viðburði og einkasamkvæmi, með áherslu á að styðja við menningarlíf í Holbæk.



Að ofan: Sören Myrup frá Ungholbæk heldur kynningu fyrir hópinn.

Að neðan: Hotel Sidesporet.



- >> **Søbadet Venedig:** Almenningsbaðstaður við fjörðinn sem býður upp á sundaðstöðu og tengdar þjónustur.
- >> **Isrosen:** Skautasvell sem er opið á veturna og býður upp á skautafeðir fyrir almenning.

Með þessum fjölbreyttu verkefnum hefur Sidesporet stuðlað að atvinnusköpun og eflingu menningarlífs í Holbæk í yfir þrjá áratugi.

26. MARS - MIÐVIKUDAGUR



Lotte var mætt á slaginu 8:15 og var ferðinni nú heitið til Ringsted. Morgninum vörðum við í heimsókn á **Café Ingeborg**, sem er kaffihús sem er opið öllum en það er staðsett í nálægð við íbúðir aldraðra, fatlaðra og endurhæfingarþjónustu. Það var stofnað árið 2011 og leggur áherslu á að skapa innihaldsríka atvinnu fyrir fólk með sérstakar hæfni, þar á meðal þá sem hafa fengið heilaskaða, þroskahömlun, einhverfu eða eru andlega viðkvæmir. Kaffihúsið býður upp á fjölbreytt úrval af mat á hagstæðum kjörum, þar á meðal daglega heita rétti, salöt, smurbrauð, kökur og eftirrætti. Kaffihúsið skapar skemmtilega stemmingu og vettvang til að hittast og spjalla.



Við fengum höfðinglegar móttökur, fengum góðan hádegismat og voru margir spenntir og forvitnir um heimsókn okkar, settust hjá okkur og vildu spjalla.

Glad STU í Ringsted var næsta heimsókn. En þetta er lítill skóli sem leggur áherslu á öryggi, góð tengsl og faglega kennslu. Skólinn er staðsettur í stórrí, notalegri villu, aðeins 200 metra frá Ringsted lestarstöðinni. Þegar við vorum á leiðinni eftir að hafa tekið göngutúr um hverfið, kom ungur maður hlaupandi á móti okkur syngjandi íslensk jólalög. Við vissum ekki hvaðan á okkur stóð veðrið, en þetta fannst okkur virkilega skemmtilegt og vinalegt móttaka. Maðurinn er sem sagt nemandi við skólann en hann hafði lært brot úr mörgum íslenskum jólalögum þegar hann vissi að við værum að koma.



Efri myndir: Café Ingeborg.
Neðsta mynd: Kynning á starfsemi Glad.

Í Glad starfa sex starfsmenn, þar á meðal þrír fagkennarar sem kenna í eldhúsi, teikni-myndagerð, kvikmyndum og miðlum, auk kennslu í sjálfstæðri búsetu. Einnig er þar ráðgjafi sem þjónar sem tengiliður fyrir nemendur, starfsnámsráðgjafi og daglegur stjórnandi.

Nemendur velja fög út frá áhuga sínum og hvatningu, sem leiðir til mismunandi stærða hópa. Skólinn hefur um 15 nemendur á þremur faglinum. Glád býður upp á einstaklingsmiðaða kennslu í öruggu og hvetjandi umhverfi, þar sem nemendur með fjölbreyttar greiningar, s.s. almenna námsörðugleika, einhverfu, ADHD eða þroskahömlun, eru velkomnir. Við fengum góða kynningu um skólann og heimsóttum nemendur sem voru í tímum.

Næsta stoppistöð okkar var **Sankt Bendts kirkja í Ringsted**. Þar tók á móti okkur maður sem fræddi okkur um sögu kirkjunnar og umhverfið úti. Þessi kirkja er talin fyrsta konunglega grafkirkja Danmerkur og gegnir mikilvægu hlutverki í sögu landsins. Hún er næst á eftir Dómkirkjunni í Roskilde hvað varðar fjölda konunglegra grafreita. Hún var upphaflega reist úr kalksteini um 1080 en núverandi kirkja er byggð úr rauðum múrsteini og var vígð árið 1170 og er talin elsta múrsteinskirkja í Skandinavíu.

Það er athyglisvert að sjá að í kirkjunni eru grafhýsi fyrir danska konunga og drottningar frá 1182 til 1341, þar á meðal Valdimars I hins mikla og meðal afkomenda þeirra liggur ungur sonur en börn hafa að jafnaði ekki fengið rými í grafhýsum kirkna, að sögn leiðsögumanns. Þarna mun fyrri-verandi drottning þeirra, hún Margrét, einnig hvílast þegar að því kemur, en hún afsalaði sér dönsku krúnunni árið 2024 eftir að hafa verið 52 ár á valdastóli.

Eftir þessar skemmtilegu heimsóknir var haldið heim á Sidesporet.



Að ofan: Heimsókn í Glád.

Að neðan: Sankt Bendts kirkja í Ringsted.



27. MARS - FIMMTUDAGUR



Að ofan: Kynning á háskólanum í Roskilde.
Til hægri: Háskólinn í Roskilde.



Við byrjuðum daginn á heimsókn í **Roskilde University – RUC**, háskóli sem stofnaður var 1973. Í honum eru nú um 8.000 nemendur og 950 starfsmenn. Af þeim eru um 100 doktorar. Um 1.000 alþjóðlegir nemendur eru við skólann. Ekki er hægt að vera í fjarnámi við skólann.

Í náminu er notast vð PPL-aðferðina (Problem-orientet project learning). Unnið er eftir þeirri reglu að námstíminn sé 50% fyrirlestrar og 50% verkefnavinnu.

Síðasta eitt og hálfa árið sérhæfa nemendur sig í tveimur greinum. Mikið er unnið í þverfaglegri samvinnu, bæði við sveitarfélagið (héraðið) og fyrirtæki á svæðinu í verkefnavinnu og öðru sem við kemur náminu. Á hverju ári eru t.d. unnin verkefni sem tengist Hróarskelduhátíðinni.

Mikið er unnið með frumkvöðlavinnu en sú deild var stofnuð árið 2020 og er það Araceli Bjarklev sem að stýrir henni. Araceli er með doktorsgráðu sem tengist ljósleiðara. Unnið er með nýsköpun samhliða náminu og valin eru verkefni sem eru líkleg til að hægt sé að vinna áfram. Sumir fá þannig tækifæri til að vinna með nýsköpunarverkefnið sitt í mastersnáminu.

Við fengum kynningu frá Mathias og Sebastian en verkefnið þeirra heitir Fangs og fremtid. Fiskur sem kallaður er á íslensku *hnúllungur* (ens. *round goby*, lat. *neogobius melanostomus*) hefur ekki verið veiddur hingað til en hann er að eyðileggja lífríkið með því éta fæðuna frá öðrum fiskum sem hefur orðið til þess að þorsstofninn er minni á svæðinu. Þeirra verkefni gekk út á að skoða hvernig væri hægt að nýta hann til manneldis. Þetta gæti haft jákvæð áhrif á umhverfið og að hægt væri að búa til fleiri störf.

Eftir góðan hádegisverð í mötuneyti háskólans var farið af stað í næstu heimsókn.

INSP! er samfélagsmiðstöð og menningarhús. Það var stofnað árið 2010 af hópi einstaklinga með það að markmiði að skapa opið og hvetjandi rými fyrir sköpun, þátttöku og samveru. INSP! er staðsett í gömlu sláturhúsi sem hefur verið endurnýtt sem fjölbreytt menningar- og samfélagsrými.

Starfsemi INSP! snýst um að hvetja fólk á öllum aldri til að taka þátt í fjölbreyttum viðburðum og verkefnum. Þar eru haldnir

tónleikar, vinnustofur, fyrirlestrar, lista-sýningar og sameiginlegar máltíðir. Sérstaklega er vinsælt að mæta í sameiginlega kvöldverði á fimmtudögum, þar sem gestir elda og borða saman.

INSP! leggur áherslu á þátttöku og sjálfbærni; gestir eru hvattir til að koma með eigin hugmyndir og taka þátt í að móta starfsemina. Húsið er rekið sem samfélagsleg fyrirtæki, þar sem hagnaður er nýttur til að nota í frekari menningar- og samfélagsverkefni.



Að ofan: Frá heimsókn í INSP!

Með opnu og aðgengilegu umhverfi stuðlar INSP! að því að brúa bilið milli ólíkra hópa í nærsamfélaginu og skapa vettvang fyrir nýsköpun og samveru.

Við vorum svo heppin að hjá **CoRoLab** vinnur ein íslensk kona, Anna Brouw Emilsdóttir og sat hún kynninguna með framkvæmdarstýrunni Karolina E. Osipowska.

Fyrirtæki sem stofnað var af RUC. Eina stofnunin sinnar tegundar í Danmörku. CoRoLab er tengiliður milli hugmynda og framkvæmdar og unnið er með hugmyndir að varanlegri lausn þvert á sveitarfélög og stofnanir. Hjá fyrirtækinu starfa 7 starfsmenn.

Fyrirtæki og einstaklingar greiða meðlimagjald sem gerir það að verkum að hægt sé að vinna verkefni fyrir þau og svo greiðir sveitarfélagið einnig inn í fyrirtækið. Verkefnavinnan þarf að hafa að lágmarki 3 mismunandi aðildarmeðlimi til að koma að vinnunni. Um 150 hugmyndir hafa orðið að veruleika – unnið er með þær frá a-ö. Öll fyrirtæki og aðrir sem eru meðlimir eru sjálfkrafa inni í þrúfuhóp ef það er eitthvað sem þarf að vinna með og skoða áfram. Eitt af verkefnum sem unnið er með núna er það hvernig er hægt að aðstoða og vinna með ADHD fólki á vinnustöðum, hvernig er hægt að hjálpa þeim. Eru með vinnustofu um þetta á næstunni.

UMAGE verkefnið tengist ungu fólki sem hefur dottið út úr námi. Þar er t.d. verið að skoða hver áhugi fólksins er og hvort hægt sé að tengja áhugann við fyrirtæki sem gæti opnað einhverjar dyr fyrir viðkomandi? Verkefnið er fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskólanámi. Þetta var eins árs verkefni þar sem voru gerðar mælingar í byrjun,

miðju og lok verkefnis. Ekki er verið að vinna þetta út frá hæfni.

Starfsmenn CoRoLab hjálpa líka við gerð umsókna. Ekki er horft fyrst á markmið sjóðanna heldur alltaf út frá verkefnunum. CoConference – á hverju ári er unnið með vandamál sem verið er að vinna að lausn. Þau unnu m.a. verkefni sem gekk út á það að ná inn fólki á vinnumarkaðinn sem talar ekki dönsku. Hvaða hæfni þurftu þau sem gæti verið að stoppa þau. Allt gert til þess að efla þessa hæfni.

Að lokum var kíkt inn í **Byens Hus** sem staðsett er í miðbæ Roskilde. Það er samfélagshús sem er staðsett í gamalli sjúkrahúsbyggingu. Húsið er opið öllum og þar er hægt að fá aðgang að fjölbreyttum rýmum fyrir almenningsviðburði, nýsköpunarverkefni og samfélagslega starfsemi. Hægt er að bóka rými, allt frá litlum fundarherbergjum til stærra salarkynna.

Deginum lauk með góðum lokakvöldverði með samstarfsfólki okkar í HUSC í Ráðhúskjallaranum.



Að ofan: Kynning í CoRoLab.
Að neðan: Byens hus.



28. MARS - FÖSTUDAGUR



Báðar myndir: Heimsókn í Studieskolen.

Lest var tekin um kl 10:20 frá Holbæk beint á central station í Kaupmannahöfn. Þaðan farið á Radisson Blu í Amager með Metro og hópurinn innritaður á hótelið.

Um kl. 13:00 var farið í heimsókn í **Studieskolen** þar sem Stine Hesager Lema forstöðumanneskja tók á móti hópnum. Fór hún yfir starfsemi skólans sem er einn af tveimur sem eru með fjögurra ára samning við hið opinbera um stuðning til að veita fólki af erlendum uppruna tungumálakennslu. Umræða er um að lengja þá samninga í 6 með möguleika á 2 árum til viðbótar. Um 8.000 dönskumenn eru í skólanum og um 3.000 nemar í spænsku, frönsku og ítölsku, færri eru að nema aðrar tungur. Um 300 stundakennarar eru við skólann sem eru í um 70-100% starfi. Skólinn hefur um 45 kennslurými þar um 28 í skólanum sjálfum en einnig á fleiri stöðum í Kaupmannahöfn. Skólann notar annars ekki opinberar byggingar við kennslu. Moodle er notað fyrir kennara þar sem þeir geta deilt efni og eins er kerfið nýtt til að vista efni í tengslum við áfanganna.

Flóttamönnum ber skilda að læra strax dönsku en aðrir hafa val um það. Sveitar-



félög senda bréf til allra nýskráðra og upplýsir um þau tilboð sem íbúum býðst. Almennt fá nýbúar af erlendum uppruna frítt dönskunámskeið sem þeir geta nýtt innan fimm ára.

Studieskolen er einnig með Cambridge prófaviðurkenningu í viðskiptaensku og bjóða starfsmönnum fyrirtækja upp á slík námskeið. Nemar þurfa líka að taka C1 stöðumatspróf til að fá inn í danska háskóla. Þessi próf býður skólinn uppá.

Lögð er mikil áhersla á að vinna með áhuga- svið einstaklinga og byggja kennsluna upp þannig að hún vekir áhuga og virkni.

Þegar einstaklingar eru komnir á B1 stig tungumálarammans er boðið upp á tungumálþjálfna þar sem markþjálfunaraðferðir eru nýttar við kennsluna og hún byggð meira og minna á einstaklingskennslu.

Einnig er staðið fyrir viðburðum þar sem þátttakendur eru nemar og krefjast þess að ræða saman á ákveðnu tungumáli, að jafnað er greitt fyrir þátttöku á þá um 150 DKK. Nemar eru líka fengnir til að vinna þrír og þrír saman og taka ákveðin málefni fyrir í spjalli. Stundum er einnig staðið fyrir stefnumótaspjalli þvert á tungumál og eins er á áætlun að stofna kór við skólann. Margir eiga auðveldara með að læra tungumál í gegnum söngtexta sem er áhugaverður vinkill í þessu samhengi.

Skólinn býður öðrum tungumálaskólum uppá nám eða námskeið (2x2 daga staðkennsla, fjarfundir og þjálfun) í aðferðafræði tungumálþjálfans.

Skólinn er einnig að bjóða *language support*, þ.e. einstaklinga sem fara á vinnustaði og aðstoða mentora, fólks af erlendum uppruna, með tungumálþjálfunina. Þessir mentorar geta líka sótt námskeið sem nær yfir 4-6 vikur þar sem farið er yfir vinnustaðaðorðaförða og málfræði. Þeim eru líka kynnar mismunandi aðferðir við að miðla og leiðbeina.

Stine kynnti áhugaverðan prófavef (euro-test.me) þar sem hægt er að kaupa tungumálpróf einkum til að meta stöðu viðkomandi áður en hann skráir sig á námskeið. Greitt er árgjald sem er 350 evrur fyrir afnot af vefnum, sem gildir fyrir um 250 próf á ári. Hægt er að aðlaga prófagrunninn að hverri stofnun, hvar sem er í heiminum. Einnig má fylgjast með stöðu hvers nema og hvar þeim vantar þekkingu og hvar hún er viðunandi. Prófin eru opin í 28 tíma frá opnun og hægt er að taka eina pásu í prófinu. Um 20-50 mínútur tekur að leysa prófin.

15 klst námskeið kostar hjá skólanum um 1495 danskar krónur.

Þetta var virkilega áhugaverð og fróðleg heimsókn. Ekki er hvað síst spennandi að horfa enn frekar til þeirra í tengslum við tungumálakennslu og samstarf, en Austurbrú hefur áður verið í samstarfsverkefni með þeim í tengslum við innleiðingu Evrópska tungumálarammans.

29. MARS - LAUGARDAGUR

Áætlaður heimferðardagur, en hópurinn ákvað að lengja dvölinu um einn dag og bóka ferð heim sunnudaginn 30. apríl.

30. MARS - SUNNUDAGUR

Hópurinn, utan einnar sem þurfti að vera lengur í DK vegna jarðarfarar, hélt á Kastrup um kl 11:00 og flug tekið um 14:00. Til að ná innanlandsflugi frá Reykjavík til Egilsstaða og Neskaupstaðar var tekinn bílaleigubíll. Þegar á reyndi var ekki flogið austur vegna veðurs. Hópurinn þurfti því að gista auka nótt í Reykjavík og fékk svo flug kl. 16:30 á mánudeginum 31. mars.

LOKAORÐ

Ferðin var afar vel heppnuð og uppfyllti allar væntingar þátttakenda. Dagskráin var fjölbreytt og fræðandi, þar sem jafnvægi var á milli formlegra heimsókna og rýmis til samtals og ígrundunar. Það var ómetanlegt að fá tækifæri til að stíga út úr vanalegu umhverfi, kynnst betur samstarfsfólki og mynda ný tengsl við framsækið og hlýlegt fagfólk í Danmörku.

Það kom glögg fram að við deilum mörgum af sömu áskorunum, hvort sem það snýr að aðgengi að námi, stuðningi við jaðarsetta hópa eða því hvernig samfélagið allt – opinberir aðilar, fyrirtæki og félagsamtök – getur komið að lausnum. Sýnileg samfélagsábyrgð danskra fyrirtækja og samstarf við stofnanir er sérstaklega eftirtektarvert og veitir innblástur til að þróa frekar okkar eigin samstarfsnet hér á Austurlandi.

Við heimsóttum fjölbreyttar stofnanir; allt frá háskólum og menntamiðstöðvum til samfélagsverkefna og nýsköpunarsetra. Sérstaklega áberandi voru sterk tengsl milli menntunar, velferðar og atvinnulífs, sem birtust m.a. í einstaklingsmiðaðri þjónustu, skapandi námsumhverfi og markvissum stuðningi við fólk með fjölbreyttan bakgrunn.

Við komum heim með fullt af nýjum hugmyndum, auknum skilningi og sannfæringu um að sameiginlegt lærdómsferli yfir landamæri getur skilað miklum ávinningi, þökk sé þessu tækifæri í gegnum Erasmus+ aðild. Það ríkir vilji beggja vegna til að formgera samstarf í tengslum við rannsóknir, þróunarverkefni og jafnvel nemendaskipti og sjáum við fyrir okkur að byggja ofan á þann grunn sem lagður var í ferðinni.

FRÉTTIR

Austurbrú: [Hugmyndir sem nýtast heima](#)

Holbæk Uddannelses- og Studiecenter
Leder HUSC: [Heimsókn Austurbrúar](#)